

Tillögur að breytingum á samþykktum fyrir Bakland Listaháskóla Íslands

Skýring á breytingum.

Eftirfarandi samþykktir eru í uppsetningu og uppröðun verulega frábrugnar núverandi samþykktum en inntak og markmið félagsins eru óbreytt.

Of langt mál er að rekja allar tilfærslur á textum milli greina, en formbreytingin var gerð til að samþykktirnar væru hliðstæðar svipuðum í öðrum félögum í uppbyggingu og til að setja saman skyld umfjöllunarefni. Efnislegar breytingar eru mun takmarkaðri. Hér á eftir er fjallað um nýju greinarnar hverjar fyrir sig og hvaða breytingar hafa orðið. Þegar við teljum grein vera óbreytta þá merkir það að við teljum að inntak fyrri samþykta hvað viðkomandi atriði sé óbreytt, þó svo að númer greinarinnar, orðalag eða uppsetning kunni að hafa verið breytt.

Óbreytt eru:

- Nafn, 1.gr.
- Hlutverk og markmið, 2.gr
- Heimild til aðildar (hverjir mega ganga í félagið), 3.gr.
- Árgjald, 4.gr. Nema hvað tekið er út heimild stjórnar til að ákvarða árgjald sem var síðar í samþykktunum.

Breytt er:

- Heimildir til setu á aðalfundi, og hverjir hafa atkvæðarétt er bætt inn, 6.gr.
- Boðun aðalfundar er breytt, að við teljum til skýrari vegar, 6.gr. Látið er duga að hann sé boðaður með sannarlegum hætti, enda er verið að boða vel afmarkaðan hóp fulltrúa, sem hægt er að boða t.d. með tölvupósti. Því til viðbótar er gert ráð fyrir að fundarboðið sé birt á miðlum aðildarféлага og LHÍ, en það er ekki skilyrði fyrir lögmætum aðalfundi, heldur til að tryggja að félagsmenn aðildarféлага sem kunni að hafa erindi fyrir fundinn hafi tækifæri til að ræða við sinn fulltrúa eða fá seturétt á fundinum.
- Dagskrá aðalfundar er breytt lítillega, 7.gr. Bætt er inn að tveir félagsmenn séu skipaðir skoðunarmenn reiknings; að ákvarða eigi árgjald og röð atriða 3 og 4 víxlað.

Óbreytt er:

- Félagsfundargreinin, 8.gr.

Breytt er:

- Varðandi skipun stjórnar Baklandsins, 9gr. eru markmið um stjórnarsamsetningu óbreytt en leiðin til að ákvarða það skýrð:

Teknar hafa verið út tilvísanir í listgreinar og í staðin skilgreina aðildafélög sig inn í "fagsvið" Baklandsins í samræmi við deildir skólans. Þegar er kosið í stjórn Baklandsins á aðalfundi hafi aðildafélög hvers fagsvið komið sér saman um frambjóðanda og varamann. Þetta fyrirkomulag er þekkt úr sambærilegum fulltrúafélögum og einfaldar aðalfundinn, þó svo að allur aðalfundurinn kjósi. Þá er til viðbótar kosið um tvö almenn sæti á aðalfundinum, sem eru þá framboð sem koma fram á fundinum.

Að öðru leiti hefur þessi undirskipting ekki hlutverk í rekstri félagsins, skv. þessum drögum, og hnykkt á því að áherslan sé á þverfaglega vinnu.

Það er þó hinsvegar væntanlega mögulegt að boða fundi undirsviða vegna málefna þeirra sviða ef ástæða er til en samþykktirnar fjalla ekkert um það.

Óbreytt er:

- Hlutverk stjórnar Baklands LHÍ, 10.gr.

Breytt er:

- Fjárreiður og bókhald, 11.gr. Ekki er lengur skýrt afmarkað í hvað fjármunir skuli fara og notkun þeirra ekki lengur háð því að vera í samráði við, eða fyrir LHÍ. Eðlilegt finnst okkur að félagið sé sjálfstætt fjárhagslega, svo lengi sem það uppfyllir markmið sín. Það verkar líka sérkennilega að félag sem er í yfirboðarastöðu gagnvart skólanum, hvað varðar skipun meirihluta stjórnar, sé svo háð samþykki skólans við nýtingu eigin fjármagns.

Óbreytt er:

- Fyrirkomulag og markmið við val á fulltrúa í stjórn LHÍ, 12.gr.
- Breytingar á samþykktum, 13.gr.
- Slit og ráðstöfun eigna, 14.gr.

Samþykktir fyrir Bakland Listaháskóla Íslands

Tillögur að breytingum á samþykktum fyrir Bakland Listaháskóla Íslands lagðar fram af fulltrúum í stjórn Baklandsins á aðalfundi Baklandsins 19. Apríl.

Nafn

1. gr.

Félagið heitir Bakland Listaháskóla Íslands, kallað Bakland. Heimili og varnarþing þess er í Reykjavík.

Hlutverk

2. gr.

Hlutverk Baklands Listaháskóla Íslands er að:

- efla og styrkja Listaháskóla Íslands (LHÍ),
- tryggja tengsl Listaháskólans við listamenn, mennta- og menningarstofnanir og atvinnulíf,
- stuðla að faglegri umfjöllun um listir og samfélag,
- kjósa/skipa fulltrúa í stjórn Listaháskóla Íslands.

Baklandið skal móta stefnu og setja sér markmið í samræmi við hlutverk þess, sbr. 2. gr. samþykktu þessara. Baklandið skal standa fyrir a.m.k. einum auglýstum viðburði á ári, t.a.m. málþingi eða ráðstefnu, þar sem aðilum Baklandsins gefst færi á að ræða málefni tengd Listaháskóla Íslands. Baklandi LHÍ er heimilt að afla styrkja og annarra tekna til starfsemi félagsins.

Aðild að Baklandi Listaháskóla Íslands

3. gr.

Félög, hagsmunafélög, samtök og stofnanir með fagleg tengsl við listgreinar sem kenndar eru við Listaháskóla Íslands geta átt aðild að Baklandi Listaháskóla Íslands – hér eftir kölluð aðildarfélög.

Aðild að Baklandinu er tengd við eitt af eftirtöldum fagsviðum:

- hönnun- og arkitektúr
- myndlist
- sviðslistir
- tónlist

Þverfagleg samvinna og samtal milli fræðasviða er leiðarljós í starfsemi Baklandsins. Aðildarfélög Baklandsins eru skráð undir tiltekið fagsvið í þeim tilgangi að tryggja jafnvægi milli listgreina við skipan stjórnar Baklandsins, sbr. 9. gr.

Árgjald

4. gr.

Aðildarfélög Baklandsins greiða árgjald sem ákveðið er á aðalfundi Baklandsins.

Fulltrúar aðildarfélaga Baklandsins

5. gr.

Hvert aðildarfélag Baklandsins, sbr. 3. gr., tilnefnir einn fulltrúa inn í Bakland LHÍ og einn til vara.

Aðalfundur

6. gr.

Aðalfundur fer með æðsta vald í málefnum Baklandsins og skal haldinn árlega eigi síðar en 30. apríl. Á aðalfundi eiga sæti með atkvæðisrétti aðal- og varamenn aðildarfélaga Baklandsins auk fulltrúa Baklandsins í stjórn LHÍ. Jafnframt eiga tveir fulltrúar frá hverju aðildarfélagi seturétt á aðalfundi án atkvæðisréttar. Stjórn Baklandsins hefur umboð til að kalla til fleiri fulltrúa ef þurfa þykir.

Til aðalfundar skal boðað með minnst tveggja vikna fyrirvara með sannanlegum hætti. Einnig skal tilkynna aðalfund á vettvangi aðildarfélaga Baklandsins og vefsíðu LHÍ. Dagskrá skal fylgja aðalfundarboði. Aðalfundur er lögætur ef löglega er til hans boðað.

Dagskrá aðalfundar

7. gr.

Á dagskrá aðalfundar skulu a.m.k. vera eftirtaldir dagskrárliðir:

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara
2. Skýrsla stjórnar um starfsemi Baklandsins
3. Skýrsla fulltrúa Baklandsins í stjórn LHÍ
4. Ársreikningar Baklandsins lagðir fram
5. Ákvörðun árgjalds
6. Stjórnarkjör sbr. 9. gr.
7. Kosning skoðunarmanns reikninga og eins til vara
8. Breytingar á samþykktum
9. Önnur mál

Félagsfundir

8. gr.

Félagsfundir skulu haldnir þegar stjórn Baklandsins telur þess þörf eða 1/3 hluti fulltrúa aðildarfélaga Baklandsins óskar þess og fundarefni er tilgreint í skriflegu erindi til stjórnar Baklandsins. Til félagsfunda skal boðað með minnst einnar viku fyrirvara.

Stjórn Baklands LHÍ

9. gr.

Stjórn Baklands Listaháskóla Íslands skipa sjö manns og jafnmargir til vara. Stjórnarmenn eru kjörnir til þriggja ára í senn. Fimm stjórnarmenn skulu kjörnir/tilnefndir á fundi sem stjórn Baklandsins boðar til í aðdraganda aðalfundar, sbr. greinarliði eitt og tvö hér á eftir.

1. Aðildarfélög Baklandsins sem falla undir eitt þeirra fjögurra fagsviða LHÍ sem tilgreind eru í 3. gr. skulu sameiginlega kjósa/tilnefna einn fulltrúa í stjórn Baklandsins og einn til vara.

- Aðildarfélag Baklandsins sem falla undir fagsvið hönnunar- og arkitektúr tilnefna sameiginlega einn aðalmann í stjórn og einn til vara.
 - Aðildarfélag Baklandsins sem falla undir fagsvið myndlistar tilnefna sameiginlega einn aðalmann í stjórn og einn til vara.
 - Aðildarfélag Baklandsins sem falla undir fagsvið sviðslista tilnefna sameiginlega einn aðalmann í stjórn og einn til vara.
 - Aðildarfélag Baklandsins sem falla undir fagsvið tónlistar tilnefna sameiginlega einn aðalmann í stjórn og einn til vara.
2. Hollnemafélag Listaháskóla Íslands skal kjósa/tilnefna einn fulltrúa í stjórn Baklandsins og einn til vara.

Tveir stjórnarmenn eru kjörnir sérstaklega á aðalfundi Baklandsins og tveir til vara.

Stjórnarseta í stjórn Baklandsins takmarkast við tvö tímabil eða sex ár. Stjórn Baklandsins skiptir með sér verkum, formanns, varaformanns, ritara, gjaldkera og meðstjórnenda.

Stjórn Baklandsins heldur stjórnarfundum svo oft sem þurfa þykir. Formaður stýrir stjórnarfundum og annast dagskrá þeirra. Einfaldan meirihluta þarf til að ákvarðanir stjórnarfundanna séu lögmæt.

Þeir fulltrúar sem gegna stjórnarsetu á hverjum tíma eru bundnir af samþykktum og yfirlýstum markmiðum Baklandsins.

Hlutverk stjórnar Baklands LHÍ

10. gr.

Stjórn Baklands Listaháskóla Íslands fer með æðsta vald í málefnum félagsins á milli aðalfunda og ber ábyrgð á starfsemi þess. Stjórnin starfar skv. hlutverki Baklandsins, sbr. 2. gr., og fylgir eftir samþykktum aðalfunda.

Fjárreiður og bókhald

11. gr.

Stjórn Baklands Listaháskóla Íslands hefur eftirlit með fjárreiðum félagsins, varðveitir eignir þess og ávaxtar sjóði félagsins. Stjórnin er ábyrg fyrir reikningshaldi og reikningsskilum og leggur fram fullgerða ársreikninga á aðalfundi. Reikningsár Baklandsins er almanaksárið.

Kosning í stjórn Listaháskóla Íslands

12. gr.

Stjórn Baklandsins auglýsir eftir framboðum til stjórnar Listaháskóla Íslands meðal aðildarfélaganna Baklandsins minnst fjórum vikum fyrir aðalfund.

Stjórn Baklandsins kys árlega úr innsendum framboðum einn aðalmann og einn varamann í stjórn LHÍ til þriggja ára í senn. Meirihluti greiddra atkvæða ræður úrslitum. Séu atkvæði jöfn fer formaður Baklandsins með odda atkvæði. Stjórnarmaður í stjórn LHÍ getur að hámarki settið tvö kjörtímabil samfellt.

Við ákvörðun um fulltrúa í stjórn LHÍ skal haft í hávegum að téðir fulltrúar skuli vera starfandi og/eða viðurkenndir lista- og/eða fræðimenn á fagsviðum LHÍ. Stjórnendur menningarstofnana og atvinnulífs eru jafnframt gjaldgengir til setu í stjórn LHÍ.

Við ákvörðun um fulltrúa til stjórnarsetu í LHÍ skal stjórn Baklandsins gæta að faglegu jafnvægi milli faggreina til samræmis við markmið og þarfir LHÍ hverju sinni.

Fastráðnir starfsmenn, nemendur LHÍ og þeir sem hafa fjárhagslegra hagsmuna að gæta, sbr. skipulagsskrá LHÍ og starfsreglur stjórnar LHÍ eiga þess ekki kost að sitja í stjórn LHÍ.

Breytingar á samþykktum

13. gr.

Samþykktum þessum verður aðeins breytt á aðalfundi Baklands LHÍ enda hafi tillögur að breytingum verið kynntar í aðalfundarboði. Til þess að breyting öðlist gildi verður hún að hljóta samþykki 2/3 hluta greiddra atkvæða.

Slit og ráðstöfun eigna

14. gr.

Ákvörðun um slit félagsins verður einungis tekin á aðalfundi með auknum meirihluta, þ.e. 4/5 hluta greiddra atkvæða. Tillaga um slit Baklandsins skal send með fundarboði. Sé samþykkt á aðalfundi að slíta Baklandinu skal sú ákvörðun án tafar tilkynnt stjórn Listaháskóla Íslands og mennta- og menningarmálaráðuneyti. Við slit Baklandsins skulu eignir þess renna óskiptar til Listaháskóla Íslands og þeim ráðstafað af stjórn hans.